

Nafn: Einar Örn Björgvinsson

Aldur: 42

Starf: Rekstrarstjóri, kirkjuvörður

Menntun: Guðfræði BA, Viðskiptafræði MBA

Starfsreynsla: Brunnur Distillery-rekstrarstjóri, Isavia-rekstrarsérfræðingur, Íslandsbanki-ráðgjafi, Hafnarfjarðarkirkja-kirkjuvörður/staðarhald, Ástjarnarkirkja-æskulýðsfulltrúi, Árbæjarkirkja-æskulýðsfulltrúi, Skátafélagið Hraunbúar-rekstrarstjóri.

Málefni kirkjunnar hafa verið mér hugleikin um nokkurt skeið eða allt frá því að ég hóf nám við Guðfræðideild Háskóla Íslands, en þaðan útskrifaðist ég með BA gráðu í Guðfræði árið 2008. Árið 2007 réði ég mig til starfa hjá Hafnarfjarðarkirkju við kirkjuvörslu, samhliða því starfaði ég við barna- og æskulýðsstörf bæði hjá Árbæjarkirkju og Ástjarnarkirkju og við rekstrarstjórnun hjá Skátafélaginu í Hafnarfirði. Eftir að störfum mínum lauk í barna- og æskulýðsmálum sótti ég mér aukinnar menntunar við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og útskrifaðist með MBA gráðu í viðskiptafræði árið 2017. Samhliða því starfaði ég hjá Íslandsbanka við fjármálaráðgjöf og síðar hjá Isavia í rekstrarstjórnun. Í dag starfa ég við rekstrarstjórnun hjá sprotafyrirtæki í framleiðslugeiranum en einnig við kirkjuvörslu í Hafnarfjarðarkirkju en það hef ég gert ásamt öðrum störfum síðstliðin 15 ár.

Ég tel að bæði mennun, þekking á málefnum kirkjunnar og starfi innan hennar sem og önnur starfsreynsla muni nýtast vel í störfum kirkjuþings. Ég hef víðtæka þekkingu og reynslu af kirkjustarfi og málefnum kirkjunnar en einnig reynslu og þekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja í einkageiranum, félagasamtökum, opinberum stofnunum og fjármálageiranum.